



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2016

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla), 145. löggjafarþing 2015 -2016.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um meðferð sakamála. Markmiðið með frumvarpinu er að gæta enn frekar að réttarstöðu þeirra sem hlustað er á og er lagt til að skilyrði til símahlustunar verði hert og þau um leið gerð skýrari. MRSÍ telur að í heild lofi frumvarpið góðu og að það sé til þess fallið að bæta réttarstöðu þeirra sem að hlustað er á. Það er þó mikilvægt að svo íþyngjandi aðgerðum sé settar enn ítarlegri reglur og finnst skrifstofunni það hafa tekist nokkuð vel til hér.

Þá fagnar skrifstofan 2. mgr. 84. gr. sem segir að skipaður verði lögmaður til að gæta hagsmuna þess, sem aðgerð beinist að, áður en dómari kveður upp úrskurð um hana. Þetta verður til þess að réttaröryggi þeirra, sem hlut eiga að máli, verði betur tryggt og er þá markmiðinu náð.

Þrátt fyrir almenna ánægju með efni frumvarpsins gerir MRSÍ þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Eins og réttilega er bent á í kafla II um tilefni og nauðsyn lagasetningar hefur á síðustu árum komið fram mikil gagnrýni á að skilyrði fyrir heimildum til símahlustana og skyldra aðgerða séu ekki nógu skýr og þessar aðgerðir séu heimilaðar í ríkara mæli en nauðsyn sé á og án nægjanlegs rökstuðnings. Vissulega er ramminn þrengdur með frumvarpinu hvað varðar að skilyrða notkun slíkra aðgerða við að almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Það er þó þannig að almanna- og einkahagsmunir eru ákvarðaðir eftir huglægu mati dómendanna og getur því verið ákaflega vítt hugtak. Á sama tíma er árafjöldin rýmkaður, þ.e. með frumvarpinu er það gert heimilt að notast við forvirkar rannsóknarheimildir, líkt og símahlustun, ef rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi. Í núgildandi lögum er refsiramminn sem heimilar rannsókn sem þessa 8 ár og er því verið að rýmka þá heimild sem um er að ræða. Hafa verður í huga að með rannsóknarheimildum sem þessum er gengið á friðhelgi manna sem er eitt það allra mikilvægasta sem við eigum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri